

Ársskýrsla Barnabóls fyrir skólaárið 2025 – 2026

Mat á skólaárinu og framtíðarsýn

Mat á skólaári 2024 - 2025

Hjallastefnuskólar standa árlega fyrir nokkrum tegundum mats á skólastarfinu. Að vori er að jafnaði lögð starfsmannakönnun fyrir starfsfólk leikskólans þar sem grennslast er fyrir um starfsánægju, starfsaðstæður og eigið mat starfsfólks á eigin frammistöðu. Tvisvar á starfsárinu fylla kennarar út gátlista yfir þroskastöðu barna, félagslega stöðu þeirra og gengi í leikskólanum sem síðan er kynntur foreldrum í foreldraviðtölum hvernar annar. Í vor er send út foreldrakönnun þar sem foreldrar eru beðnir um að meta þjónustu leikskólans og fagstarf eins og það snýr að þeim og barni þeirra. Við skiptumst á að nota Skólapúlsinn annaðhvert ár og könnun á vegum Hjalla á móti. Hjallastefnuskólar taka þetta mat á skólastarfinu mjög alvarlega og ef óánægju virðist gæta í einhverjum þætti skólastarfsins er tafarlaust gengið í þær breytingar sem þarf til þess að bæta úr skák.

Könnunin kom vel út og um var að ræða bætingu í öllum þeim þáttum sem hægt var að bera saman við fyrri könnun sem gerð var fyrir tveimur árum.

Fagstarf

Námskrármarkmið

Hjallastefnan starfar eftir tvennum námskrármarkmiðum og leggur þau að jöfnu. Í fyrsta lagi starfa leikskólar Hjallastefnunnar eftir Aðalnámskrá leikskóla og uppfylla öll markmið hennar, þó að stundum séu farnar óhefðbundnar leiðir að þeim markmiðum. Í öðru lagi starfa skólar Hjallastefnunnar eftir kynjanámskrá Hjallastefnunnar þar sem einstaklingsstyrking og félagsuppeldi stúlkna og drengja fara saman með markvissri þjálfun í samskiptum og jákvæðum viðhorfum kynjanna á milli.

Einnig fylgjum við markmiðum menntastefnu Skagastrandar þar er m.a. eitt af markmiðunum að skólinn byggi á lýðræðislegri þátttöku, virkni og virðingu fyrir mannréttindum, margbreytileika og umhverfi. Þessi gildi eru í hávegum höfð hjá Hjallastefnunni.

Aðalnámskrá leikskóla

Starfslýsingar Hjallastefnunnar eru með þeim hætti að öll helstu markmið Aðalnámskrár eru fléttuð inn í leikskólastarfið og gefst starfsfólki og börnum tækifæri til þess að vinna með einstaka þætti ýmist í frjálsum leik barnanna í gegnum val eða með markvissari hætti í hópatímum. Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla eru áhersluþættir í leikskólastarfinu hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag. Öllum þessum áhersluþáttum er sinnt í leikskólastarfinu og þar sem við á er þeim fléttað saman við námskrá Hjallastefnunnar. Um áherslur Aðalnámskrár má nánar lesa í Aðalnámskrá leikskóla (Menntamálaráðuneytið, 2013).

Kynjanámskrá Hjallastefnunnar

Hugmyndafræðilegur grundvöllur jafnréttisuppeldis Hjallastefnunnar byggir á því að kynin séu ólík. Þessi viðurkenning á því að stelpur og strákar séu ekki eins, felur í sér að ólíkum vinnubrögðum þurfi að beita fyrir hvort kyn.

„Kynin haga sér ólíkt, birta sig ólíkt, bregðast ólíkt við – þau tala ólíkt og leika sér ólíkt...hvernig getum við þá brugðist „eins“ við báðum kynjum nema hafna í „meðaltals“ starfsháttum sem þjóna hvorugu kyninu?“(Margrét Pála Ólafsdóttir, 1999).

Stúlknauppeldið eða einstaklingsþjálfunin, gengur út á að bæta stúlkunum upp þá þjálfun sem þær hafa ekki hlotið vegna þess að þær eru stúlkur og eru það einstaklingsþættir sem skiptast í þrjú meginvið: í fyrsta lagi sjálfstæðiskennsla, sjálfsvitund og sjálfstraust, í öðru lagi jákvæðni og hreinskiptniþjálfun og í þriðja lagi kraft- og kjarkkennsla. Drengjauppeldið eða félagsþjálfunin, gengur út á að bæta drengjunum upp þá þjálfun sem þeir hafa ekki hlotið

vegna þess að þeir eru drengir. Það eru helst félags- eða samskiptaþættirnir sem drengina vantar en þeir skiptast í þrjú meginvið: í fyrsta lagi hegðunarkennslu, í öðru lagi viðhorfakennslu og í þriðja lagi nálægðarkennslu. Bæði kyn fá auðvitað báðar tegundir þjálfunar en í ólíkum hlutföllum eftir því sem hvort kyn skortir. Nánar má lesa um áherslur og kennslufræði Hjallastefnunnar í Námskrá Hjallastefnunnar (Margrét Pála Ólafsdóttir, 1999) og í skólanámskrá skólans.

Fyrirhugaðar umbætur næsta skólaárs 2025 - 2026

- Stendur til að Skipta um vegg á suðurhlíð nýju byggingarinnar
- Skipta um sand í sandkassa. Það er búið Tékk
- Skipta um útidyrhurð í suðurenda.
- Skipta um rúðu í suðurendanum, tryggingarmál.
- Mála glugga að innan
- Setja hljóðeinangrandi dúk í loftið á nýrri hluta hússins

Nemendafjöldi

Tölulegar upplýsingar

Skólaárið 2025-2026 nemendur á Barnabóli eru 30 á haustönn og fara í 37 á vorönn. Skipting þeirra er eftirfarandi eftir aldri og kyni:

Árgangur	Stúlkur	Drengir	Samtals
2020	2	4	6
2021	5	5	10
2022	3	3	6
2023	2	4	6
2024	1	1	2
2025	4	3	7
Samtals	13/17	17/20	30/37

Tvítyngd börn eru tvö, tveir drengir

Börnunum er skipt í fjóra hópa sem nefnast Guli, Rauði, Græni og Blái-hópur

Yngri og eldri drengir og yngri og eldri stúlkur.

Yngri drengir eru Gulir

Eldri drengir eru Rauðir

Yngri stúlkur eru Grænar og

Eldri stúlkur er Bláar.

Starfsfólk í námi með vinnu og fæðingarorlofi.

Skólaárið 2025-2026 eru 12 starfsstúlkur á Barnabóli auk ræstingar. Hlutfall faglærðra í heild:

- Fjórar með leikskólakennaramenntun
- Þrjár með leikskólaliðamenntun.

- Þrjár starfstúlkur eru í leikskólakennaranámi.
- Tvær eru í fæðingarorlofi.
- Einn starfsmaður í leyfi fram að áramótum.
- Starfsmenn á Barnabóli greiddu í stéttarfélögin KÍ og Kjöl.
- Leikskólastýra á Barnabóli er Lilja G. Ingólfssdóttir.

Starfsfólk Barnabóls

Það eru 12 starfsstúlkur starfandi á Barnabóli.

- Lilja G. Ingólfssdóttir Skólastýra
- Sesselja Guðmundsdóttir Matráður
- Vigdís birta Haraldsdóttir Hópstýra
- Jóhanna G. Karlsdóttir Hópstýra
- Karen Helga Steinsdóttir Afleysing
- Andrea Rún Andrésdóttir Hópstýra
- Sigríður Ásgeirsdóttir Ræsting og afleysing
- Guðlaug Grétarsdóttir Leikskólakennari
- Hallbjörg Jónsdóttir Leiðbeinandi
- Guðrún Rós Hjaltadóttir Stuðningur
- Sóley Sif Jónsdóttir Stuðningur
- Bergrós Helga Hafsteinsdóttir Hópstýra

Starfsfólk í leyfi

- Ingólfur Eðvald Björnsson
- Hafrún Ósk Hallgrímsdóttir Fæðingarorlofi
- Snæfríður Dögg Guðmundsdóttir Fæðingarorlofi

Annað starfsfólk

- Þórunn Ósk Hólmgeirsdóttir

Þróunarverkefni eru enginn þennan veturinn.

Meginmarkmið vetrarins og helstu áherslur í skólastarfinu

Hvernig samræmist starfsemi skólans við menntastefnu sveitarfélagsins.

Við höldum okkur við okkar Hjallíska þætti sem samræmast vel Aðalnámsskrá sem og stefnu sveitarfélagsins.

Markmið menntastefnu sveitarfélagsins eru:

- Að sveitarfélagið verði áhugaverður kostur til framtíðarþróunar.
- Að hagur barna sé alltaf hafður að leiðarljósi.

- Að styðja við og efla börn í að takast á við verkefni framtíðarinnar.
- Að börn hafi tækifæri til að þroskast og rækta hæfileika sína.
- Að skólasamfélagið byggi á lýðræðislegri þátttöku, virkni og virðingu fyrir mannréttindum, margbreytileika og umhverfi.

Þessi gildi endurspeglast í Hjallastefnunni. Við leggjum okkur fram við að hafa góðan skóla, skóla fyrir börn og foreldra það er meginregla nr. 1 Við tökum niðurstöður úr innra mats könnunum alvarlega og gerum okkar besta til að koma til móts við þær at semdir sem fram koma hverju sinni.

Við leggjum mikla áherslu á sjálfsstyrkingu hvers einstaklings. Það að búa yfir góðri trú á sjálf sig er gott veganesti í hin mörgu verkefni framtíðarinnar. Inni í dagskipulaginu okkar er markviss lýðræðisþjálfun sem fer fram á hverjum degi í valinu okkar, lýðræðishugsunin er sem greipt inn í huga okkar og börnin eru fljót að læra inn á það. Við þjálfum lýðræðið með endurtekningum í daglegri rútínu. Sá sem er fyrstur í dag er síðastur á morgun, við gætum að sanngirni í valinu, þá gengur allt vel. Mikið er unnið með víðsýni gagnvart margbreytileikanum og fjölmenningu, sú vinna samræmist okkar meginreglum. Við erum með sérstaka samskiptalotu, þar sem við æfum samskipti með börnunum. Þá er mikilvægt að kennarar gæti sín á að fjarlægja alla blóraböggulshugsun út úr talmálinu og í stað þess að finna út, hver byrjaði eða hvað gerðist. Er gott að eiga lausnarmiðaða frasa á reiðum höndum, hvernig getum við lagað þetta, gengur betur næst, gerum gott úr öllu. Þetta hjálpar okkur að losna við mistakaóttan og það eflir einstaklingin og gerir hann hæfan í að taka góðar umræður sem auka víðsýni. Meginregla 6 hjá Hjallastefnunni er Samskipti. Þar þjálfum við aga og hegðun á jákvæðan og hlýlegan, en um leið ákveðinn og hreinskiptinn hátt. Með nákvæmni og festu verður taminn vilji leiðin til öryggis og frelsis fyrir alla í rósemd og friði innan skólans og síðar til ábyrgrar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.

Hvað umhverfið varðar þá leggjum við mikið upp úr því að hafa græn svæði og sem náttúrulegast. Hjallastefnunni er ætlað að kenna börnum að skynja og njóta náttúrulegs umhverfis og virða náttúruna með nýtni, nægjusemi og hófsemi svo og með umhirðu og endurvinnslu. Má þar hellst nefna að við erum með hænur sem gaman er að hugsa um þær fá matarafgangna og þær reita arfann af kartöflugarðinum okkar svo eitthvað sé nefnt.

Helstu forföll

Ingólfur fór í leifi að sinna öðrum verkefnum fram að áramótum en kemur vonandi aftur eftir áramót þegar litlu börnin koma inn.

Eitt 6 – 8 vikna veikindaleyfi verður í lok okt. fram í des. Og við erum með afleysingu í það.

Ferðir og upptækur

- Piparköku bakstur með foreldrum og börnum er árleg hefð sem hefur haldist í áratugi, ánægjuleg stund það.
- Við setjum upp sýningu í landsbankanum í feb.. á degi leikskólans og höfum hana uppi fram í maí.
- Fundir í foreldraráði hafa eru tveir einn að hausti og einn að vori.
- Foreldrar komu í foreldraviðtöl í nóv. og mars.
- Vikulegar ferðir í íþróttahús halda sér í allan vetur. Skólaheimsóknir elstu nemenda í Höfðaskóla eru einnig vikulega og fjölbreyttar.
- Útskriftaferð verður á sínum stað og fer hópurinn í Skíðaskálann að þessu sinni og gisti í tvær nætur. Þau finna fjársjóð og fara í sveitaheimsókn á bæina Hof og Kurf.
- Við endum vetrarstarfið með karnival göngu og grillveislu í júní.

Samstarf heimilis og skóla

Markmið með foreldrasamstarfi er skv. Aðalnámskrá leikskóla að „*veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans, veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum, afla upplýsinga um aðstæður og uppeldisviðhorf foreldra, stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans, rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna og skapa umræðuvettvang fyrir skoðanaskipti um uppeldi barna.*“

Daglegt samstarf

Hjallastefnuleikskólar leggja áherslu á samstarf heimilis og skóla og eru fjölmargir þættir leikskólastarfsins sniðnir til þess að hvetja til og styðja við þetta samstarf. Þjónustumiðun skólans er hugsuð til þess að auðvelda barnafjölskyldum lífið en til dæmis býðst foreldrum að kaupa aukavistunartíma með engum fyrirvara ef illa stendur á eða eitthvað óvænt kemur upp og þannig verður gæsla og velferð barnsins samvinnuverkefni heimilisins og leikskólans sem tekur aukna ábyrgð á að aðstoða fjölskylduna. Öllum foreldrum í öllum Hjallastefnuleikskólum stendur til boða að koma í heimsókn í leikskólann án fyrirvara og dvelja sem gestir og fylgjast með barninu í leik og starfi. Skipulag starfsins í Hjallastefnuleikskólum er með þeim hætti að starfsmaður er ávallt í fataklefa fyrsta opnunartíma leikskólans til þess að taka á móti börnum og foreldrum, fá fréttir af líðan og gengi barnsins heima, svara spurningum foreldra og koma skilaboðum frá heimilinu áleiðis til þess starfsmanns sem annast barnið yfir daginn. Auk þessa daglega samstarfs er skipulagt samstarfs heimilis og skóla í formi funda, viðtala og ýmissa atburða yfir skólaárið.

Lilja Guðlaug Ingólfssdóttir Leikskólastýra
